

SKÓLA
STEFNA
AKRANESKAUPSTAÐAR





Hlutverk skóla á Akranesi

Hlutverk skóla á Akranesi er að **skapa skilyrði** fyrir nemendur þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.

Hlutverk skóla á Akranesi er að **laða fram gott samstarf** allra í skólasamfélaginu. Með skólasamfélagi er átt við starfsfólk skóla, foreldra, nemendur og grenndarsamfélagið.

Hlutverk skólasamfélagsins á Akranesi er að skapa **jákvæðan skólabrag** þar sem ríkir virðing, umburðarlyndi og lýðræðisleg gildi um velferð nemenda eru höfð að leiðarljósi.

Hlutverk skóla á Akranesi er að veita **almenna menntun** til að undirbúa nemendur til virkrar þátttöku í síbreytilegu þjóðfélagi.

Við Akurnesingar eigum góða skóla sem byggja á fram-
sæknu og kröftugu skólastarfi á öllum
stigum. Leikskóla, grunnskóla og tón-
listarskóla sem reknir eru af Akranes-
kaupstað og starfa samkvæmt þeim
lögum og reglugerðum sem heyra þeim
til. Auk þess búum við svo vel að hafa
Fjölbrautaskóla Vesturlands staðsettan í
sveitarfélaginu.

Skólastarfið á Akranesi skiptir okkur öll
máli þar sem við erum að mennta unga
fólkið okkar og undirbúa það fyrir leik og
störf. Það er því mjög mikilvægt að það
sé gert faglega með hagsmuni nem-
endanna og samfélagsins í heild að
leiðarljósi. Eitt af lóðunum á þeirri vogar-
skál er sameiginleg sýn sem byggir á
góðum gildum. Í skólastefnu Akranes-
kaupstaðar eru þrjú megingildi sem eru:
Samvinna – Virðing – Jafnrétti.

Stefnan verður leiðarvísir um skólastarf í
sveitarfélaginu en til að hún öðlist gildi í
daglegu starfi þarf að fylgja henni

eftir með aðgerðum. Hver skóli mun þó
halda sínum sérkennum og áherslum
sem eykur þann fjölbreytileika og
sköpunarkraft sem nauðsynlegur er í öllu
skólastarfi.

Gert er ráð fyrir að stefnan verði endur-
skoðuð með skipulögðum hætti að
fjórum árum liðnum eða í síðasta lagi í
lok árs 2017

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar vil ég
þakka stýrihópi um mótun skólastefnu
undir forystu Ingibjargar Valdimarsdóttur
og öllum þeim sem komu að mótun
stefnunnar kærlega fyrir þeirra framlag.
Skólasamfélaginu í heild óska ég til
hamingju með skólastefnu Akranes-
kaupstaðar.

Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri



Sveitar félögum ber að setja sér stefnu í skólamállum. Skólastefna skóla Akraneskaupstaðar hefur verið í vinnslu stýrihóps um mótun skólastefnu frá vormánuðum 2012. Í stýrihópnum sátu Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður og fulltrúi fjölskylduráðs, Arnbjörg Stefánsdóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Lárus Sighvatsson, Sigurður Sigurjónsson, Steinunn Guðmundsdóttir og Vilborg Valgeirsdóttir. Með stýrihópnum störfuðu Helga Gunnarsdóttir og Svala Hreinsdóttir frá fjölskyldusviði.

Stýrihópurinn tók saman upplýsingar og gögn um skólahald á Akranesi. Haldið var skólastefnumót með öllu starfsfólki skóla á Akranesi auk fulltrúa annarra hagsmunaaðila. Skipulagt var sérstakt samráðsferli við nemendur og foreldra til að fá gleggri mynd af viðhorfum og framtíðarsýn þeirra.

Með þessari samvinnu við hagsmunaaðila var mótuð sameiginleg sýn og þráður sem nú myndar meginstefnu í skólastarfi Akraneskaupstaðar.

Drög að skólastefnu voru send hagsmunaaðilum til umsagnar. Auk þess voru drögin sett á heimasíðu Akraneskaupstaðar þar sem íbúum var gefinn kostur á að koma með ábendingar.

Að lokum er öllum þeim sem lögðu stefnumótuninni lið þakkað þeirra framlag.

Ingibjörg Valdimarsdóttir
fyrir hönd stýrihóps
um mótun skólastefnu



Skóla stefna Akraneskaupstaðar tekur til leikskóla, grunnskóla og Tónlistarskólans á Akranesi. Í skólastefnunni er greint frá hlutverki skóla, þeim grunngildum sem skólasamfélagið er sammála um að skólar Akraneskaupstaðar séu þekktir fyrir og skuli einkenna starf þeirra. Með framtíðarsýninni er dregin upp mynd af því hvernig skólasamfélagið sér fyrir sér að skólar Akraneskaupstaðar skuli líta út í nánustu framtíð. Stefnan er síðan

mótuð og er hún leiðarvísir um hvernig framtíðarsýninni verði náð. Með skólastefnunni fylgir verkefnaáætlun sem ætlað er að efla skólastarfið í takt við þá framtíðarsýn sem birtist í stefnunni. Verkefni í áætluninni eru engan vegin tæmandi og sum þeirra eru viðvarandi frá einu skólaári til annars. Verkefnaáætlunin verður uppfærð og endurskoðuð árlega þar sem ný verkefni bætast við og staða annarra metin.



Á árinu 2011 komu út nýjar aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Við endurskoðun á aðalnámskrám var horft til framtíðar, áherslum var breytt og stuðlað var að aukinni samfelli á milli skólastiga. Í aðalnámskrám þessara skólastiga eru sex grunnþættir menntunar lagðir fram sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms. Stýrihópur um mótun skólastefnu

Akraneskaupstaðar ákvað að setja umfjöllun um grunnildi menntunar í útgáfurit skólastefnunnar, en stefnan og skólastarf allt tekur mið af þessum breyttu áherslum í menntastefnu stjórnvalda. Þannig gefst lesendum tækifæri til að kynna sér grunnþætti menntunar og gera sér grein fyrir áherslum í aðalnámskrá á öllum skólastigum.



Gildi í skólastarfi á Akranesi

Samvinna innan skólasamfélagsins á Akranesi er forsenda fyrir farsælu skólastarfi. Samvinna þarf að vera innan hvers skóla milli starfsfólks, nemenda og foreldra. Samvinna þarf einnig að vera milli skóla á Akranesi og annarra sem koma að starfi með börnum og ungmennum.

Gagnkvæm **virðing** fyrir sjónarmiðum og manngildi vísar veginn að góðum samskiptum.

Jafnrétti skapar tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum án mismununar eða forréttinda.

Heilbrigði í skólum stuðlar að heilsueflandi umhverfi þar sem hlúð er að andlegum, líkamlegum og félagslegum þroska.

Gagnkvæmt **traust** skólasamfélagsins skapar öryggi og byggir upp góðan starfsanda og skólabrag.

Fjölbreytileiki gefur lífinu lit. Nemendur búa yfir fjölbreytilegum hæfileikum og þarfnast því fjölbreytilegs námsumhverfis.

Skólasamfélaginu er ætlað að skapa aðstæður fyrir **metnaðarfullt** skólastarf þar sem **fagmennska** ræður ríkjum.



Framtíðarsýn

Skólar á Akranesi leggi **alúð í samstarf** allra hagsmunaaðila með það að markmiði að menntun barna og ungmenna verði framúrskarandi.

Skólasamfélagið á Akranesi marki sér **sérstöðu** og áherslu í starfi sem eru í takt við ákvæði opinberrar stefnumörkunar.

Skólar / skólasamfélagið á Akranesi skapi **jákvæðan** skólabrag.

Skólar á Akranesi skapi **fjölbreytilegar námsaðstæður** til að nemendur geti aukið hæfni sína á sem flestum sviðum.

Skólar á Akranesi leggi áherslu á að efla **borgaravitund** nemenda.

Skólar á Akranesi **nýti nýja þekkingu og tækni** til að þróa og bæta starfshætti.





Stefna

Samvinna

Að vinna að aukinni samvinnu og samábyrgð í skólasamfélaginu á Akranesi.

Skólabragur

Að skólasamfélagið leiti sífellt leiða til að skapa og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.

Nám og kennsla

Skipulag náms skal taka mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhuga-sviði hvers og eins.

Jafnréttisáætlun

Starf skóla á Akranesi skal einkennast af jafnri stöðu og jöfnum tækifærum kynjanna.

Borgaravitund

Skólasamfélagið skapi einstaklingnum tækifæri til að efla með sér borgaravitund.

Fagmennska

Skólayfirvöldum ber að sýna stöðuga viðleitni til þróunar í skólastarfi á skipulagðan og markvissan hátt og skapa aðstæður fyrir öflugt lærdómssamfélag.

Meginmarkmiðin verða útfærð í verkefnaáætlun sem verður endurskoðuð og metin árlega.



Fjölskyldusvið & sérfræðipjónusta

Fjölskyldusvið

Fjölskyldusvið er stjórnunareining innan Akraneskaupstaðar sem annast starfsemi og rekstur er snýr að málefnum fjölskyldna. Fjölskyldusvið er fjölskylduráði til ráðgjafar varðandi stefnumótandi ákvarðanir í þeim málaflokkum sem undir hana heyra og ber ábyrgð á faglegri framkvæmd ákvarðana fjölskylduráðs í takt við stefnu ráðsins. Meginverkefni fjölskyldusviðs lúta að almennri og sértækri fræðslu- og velferðarþjónustu fyrir fjölskyldur á Akranesi.

Helstu þjónustubættir eru félagsþjónusta sveitarfélagsins, barnaverndarmál, æskulýðs-, íþrótt- og forvarnamál, málefni tónlistarskólans, málefni leikskóla og grunnskóla, málefni aldraðra og fatlaðra og heilbrigðismál. Hlutverk starfsmanna fjölskyldusviðs er að veita þjónustu í samræmi við gildandi lög og stefnumörkun bæjaryfirvalda á hverjum tíma.

Sérfræðipjónusta Fjölskyldusviðs

Sérfræðipjónusta fjölskyldusviðs Akraneskaupstaðar starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 584/2010.

Sérfræðipjónusta beinist að því að efla skóla sem faglegar stofnanir. Sérfræðipjónustan tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Starfsmenn sérfræðipjónustu; sálfræðingar, talmeinafræðingur og iðjuþjálfar, starfa á vettvangi hvers skóla og geta foreldrar leitað milliliðalaust til sálfræðinga sérfræðipjónustu. Nánar er kveðið á um í verkefnaáætlun hvernig markmiðum með sérfræðipjónustu verði náð.

Skólar Akraneskaupstaðar

Leikskólinn Akrasel

Ketilsflöt 2 / www.akrasel.is

Akrasel er sex deilda leikskóli en starfar í dag sem fimm deilda skóli með um 125 nemendur og um 30 starfsmenn. Skólinn tók til starfa 8. ágúst 2008. Akrasel leggur áherslu á *umhverfismennt* og *jóga*. Akrasel er skóli á grænni grein og starfar undir merkjum Grænfánans.

Leikskólinn Garðasel

Lerkigrund 9 / www.gardasel.is

Garðasel er þriggja deilda leikskóli með um 74 nemendur og um 22 starfsmenn. Skólinn tók til starfa árið 1991. Garðasel er heilsuleikskóli með áherslu á hreyfingu, holla næringu og listsköpun í leik og starfi. Í Garðaseli er áhersla á jákvæð og uppbyggjandi samskipti og starfað eftir hugmyndafræðinni *Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga*.



Leikskólinn Teigasel

Laugarbraut 20 / www.teigasel.is

Teigasel er þriggja deilda leikskóli með um 72 nemendur og um 19 starfsmenn. Skólinn tók til starfa 1998. Í Teigaseli er boðið upp á opinn efnivið í þeim tilgangi að hvetja barnið til gagnrýnnar hugsunar og örva um leið *sköpunar-* og *leikgleði* þess.

Leikskólinn Vallarsel

Skarðsbraut 6 / www.vallarsel.is

Vallarsel er fyrsti leikskólinn á Akranesi sem byggður var sem slíkur en hann tók til starfa 1979 sem þriggja deilda leikskóli. Nýbygging við leikskólann var tekin í notkun 2004 og starfar hann sem sex deilda leikskóli með um 140 nemendur og um 32 starfsmenn. Vallarsel leggur áherslu á *tónlist* og *heimspekilegar samræður* í allri þemavinnu.



Brekkubæjarskóli

Vesturgötu 120 / www.brak.is

Húsnæði Brekkubæjarskóla hefur verið byggt í fjórum áföngum en elsti hluti þess var tekinn í notkun árið 1950. Starfsemi skólans er hluti af skólasögu Akraness sem nær allt aftur til ársins 1880. Fyrst starfaði skólinn undir heitinu Barnaskóli Akraness, frá 1974 sem Grunnskólinn á Akranesi og 1981 var heitinu breytt í Brekkubæjarskóli með tilkomu nýs grunnskóla á Akranesi, Grundaskóla.

Brekkubæjarskóli leggur áherslu á lífsleiknistefnuna *Góður og fróður* og *umhverfismál* og starfar undir merkjum Grænfanans. Við Brekkubæjarskóla starfar sérdeild fyrir fatlaða nemendur á Akranesi. Í Brekkubæjarskóla eru um 420 nemendur og um 80 starfsmenn.



Grundaskóli

Espigrund 1 / www.grundaskoli.is

Grundaskóli tók til starfa 1981 en byggt hefur verið við hann í þremur áföngum, húsnæði unglिंगadeildar var tekið í notkun 1988, stjórnunarálma með kennarastofu, vinnuaðstöðu fyrir kennara, bókasafni og sal kom 1995 og loks var miðstígsbyggingin tekin í notkun þegar skólinn varð einsetinn haustið 2002. Grundaskóli starfar eftir hugmyndafræðinni *Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga*. Í Grundaskóla eru um 600 nemendur og um 90 starfsmenn.

Tónlistarskólinn á Akranesi

Dalbraut 1 / www.toska.is

Tónlistarskólinn á Akranesi (TOSKA) var stofnaður 4. nóvember 1955. Markmiðið við stofnun skólans var að veita almenna tónlistarfræðslu og að vinna að eflingu tónlistarlífs á Akranesi. Margt hefur breyst frá stofnun skólans sem nú býr við góðan aðbúnað til kennslu og býður upp á fjölbreytileika í skólastarfinu. Í Tónlistarskólanum á Akranesi eru um 320 nemendur og 22 starfsmenn.





Grunnþættir menntunar

Læsi - Sjálfbærni - Heilbrigði og velferð - Lýðræði og mannréttindi - Jafnrétti - Sköpun

Áherslur í menntun leikskólabarna og grunn- og framhaldsskólanemenda eru að finna í menntastefnu með nýjum aðalnámskrám sem reist er á sex grunnþáttum sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Með þessum sex grunnþáttum er lögð áhersla á að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðis-samfélagi.

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér.

Þótt grunnþættirnir séu samtvinnaðir hefur hver þeirra sín sérkenni. Þá má þannig nota til að halda utan um markmið skólakerfisins í heild og sérstakar áherslur hvers skóla eða skólastigs.

Upplýsingar um grunnþætti menntunar, aðalnámskrá leik- og grunnskóla og skilgreiningar eru birtar með leyfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.





LÆSI

Læsi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Læsi í víðum skilningi vísar hins vegar til þess að nemendur nái tökum á ýmsum táknerfum og miðlum. Þannig felur læsi á tölur í sér hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar, læsi á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og læsi á fjölmiðla gerir nemendum kleift að greina upplýsingar ólíkra miðla svo þeir geti sjálfir lagt gagnrýnið mat á þær.

SJÁLFBÆRNI

Sjálfbærni snýst um umhverfi, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti í nútíð og framtíð. Í sjálfbærni-menntun er lögð áhersla á skilning á þeim takmörkunum sem vistkerfi jarðar setur manningum, jöfnuð innan og milli kynslóða, skynsamlega nýtingu auðlinda og sanngjarna skiptingu þeirra. Forsenda fyrir sjálfbæru samfélagi er virkir borgarar sem eru meðvitaðir um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart þessum þáttum.

Efnahagskerfi samfélaga skipa stórt hlutverk þegar kemur að skynsamlegri nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggji hvorki á, né leiði til, óhófligs ágangs á náttúruna. Framleiðsla og neysla eru órjúfanlegir þættir samfélags og um leið efnahags hvers einstaklings. Skilningur á eigin vistspori og vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærni þróun og hófsemi.





Í sjálfbærni menntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.

HEILBRIGÐI & VELFERÐ

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Mikilvægt er að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Allir þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd.

Mörg áhugamál barna og ungmenna stuðla að heilbrigði og geta nýst í þessu samhengi. Með því að gefa áhuga- sviðum þeirra rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

Í skóla, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

LÝÐRÆÐI & MANNRÉTTINDI

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.





Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangs-efnum skólafarsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Einnig þarf að efla þekkingu á grundvallarréttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenski löggjöf og alþjóðasamningum.

Samfélagsgreinar og lífsleikni eru kjölfesta þekkingar á lýðræði og mannréttindum og viðhorfa til sömu þátta. Lýðræðislegur hugsunarháttur á þó við í öllum námsgreinum. Lýðræðislegt gildismat verður ekki mótað nema allar námsgreinar og öll námssvið séu notuð til þess.



JAFNRÉTTI

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Menntun til jafnréttis fjallar um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Við undirbúning framtíðarstarfsvettvangs er mikilvægt að opna augun fyrir kynskiptum vinnumarkaði og stuðla að því að námsval kynjanna verði minna kynbundið en hingað til. Það varðar miklu að ekki halli á kynin í þeim viðfangsefnum sem nemendur fást við heldur grundvallist þau á jafnræði og jafnrétti.

Jafnréttismenntun vísar þannig í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Gæta verður þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis því sem hann þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti.





SKÖPUN

Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Í sköpuninni felst hagnýting hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og skólastarfi.

Skapandi skólastarf felur m.a. í sér að nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið s.s. námsefni, skipulag, námsmat, mötuneytismál, skemmtanir o.fl. Þar er ýtt undir forvitni, spurningar og heilabrot, nemendum líður vel og þeir eru hvattir til að gera margvíslegar tilraunir. Lítið er á mistök sem tækifæri til að læra af reynslu og nýir miðlar og ný tækni eru nýtt á áhugaverðan og skapandi hátt. Verk nemenda eru sýnileg og geta orðið öðrum nemendum og kennurum innblástur og hvatning.

Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.



Aðalnámskrá leik- og grunnskóla

Þekking - Leikni - Hæfni

Eitt meginmarkmið náms í grunnskóla, frá upphafi skólagöngu til loka hennar, er alhliða þroski og almenn menntun einstaklingsins. Sérhver nemandi þarf strax á unga aldri að búa sig undir að menntun er æviverk. Með því að skilgreina þá hæfni, sem að er stefnt frá upphafi skólagöngu, er lagður grunnur að heildstæðri almennri menntun. Hæfni snýr því að nemandanum sjálfum og er nemendamiðuð útfærsla á grunnþáttum og áherslupáttum. Í grunnskóla er hæfni nemenda útfærð innan hvers námssviðs og námsgreinar og sem hæfniviðmið í mati við lok grunnskóla. Grunnskólar útfæra sjálfir hvernig hæfnipáttunum eru gerð skil í skólastarfi en vinnulag þarf að skýra í skólanámskrá. Þekking, leikni og hæfni eru lykilhugtök í aðalnámskrá grunnskóla.



ÞEKING

Þekking er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt. Nemandinn þarf að læra að ræða þekkingu sína og leikni, flokka, bera saman og miðla með fjölbreyttum hætti.

- > Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum athafnir.
- > Þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman.
- > Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

LEIKNI

Leikni er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun. Leikni er aflað í gegnum fjölbreyttar aðferðir og verklag.

- > Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi.
- > Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla.
- > Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

HÆFNI

Hæfnihugtakið felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.

- > Hæfni gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, víðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund, samskiptahæfni, virkni og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli.
- > Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýninni hugsun og faglegru ígrundun.
- > Hæfni er miðlað með margvíslegum tjáningarformum þar sem vitsmunalegri, listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni.

Skilgreiningar

Skólabragur gefur til kynna starfshætti og þann anda sem ríkir í skólanum. Hann litast af samskiptum nemenda, starfsmanna og foreldra. Góður skólabragur endurspeglar gagnkvæma virðingu á milli manna og ein-kennir gjarnan skóla þar sem allir taka þátt í að móta skólalastarfið og geta haft jákvæð áhrif á vinnuhætti og vinnulag. Að góðum skólabrag má stuðla með ýmsu móti. Jákvæður skólabragur skiptir sköpum fyrir líðan og starfsgleði nemenda og starfsfólks og getur haft sömu áhrif og besta forvarnarstarf.

Með **fulltrúum úr grenndarsamfélagi** er átt við íbúa í nærsamfélaginu við skólann. Þetta geta verið fulltrúar foreldra, fyrrverandi nemendur skólans, fyrrverandi kennarar eða stjórnendur, fulltrúar aðila sem eiga í samstarfi við skólann, t.d. úr félags- og tómstundageiranum, úr atvinnulífinu eða verið einhver annar fulltrúi í nærsamfélaginu.



Manngildi eru mannkostir og innri gildi mannsins. Við búum í lýðræðisþjóðfélagi þar sem virðing er borin fyrir manngildi en það felur m.a. í sér að virðing er borin fyrir mannréttindum og þau manngildi ræktuð sem styðja eiga við alhliða þroska nemenda, efla vitund þeirra um íslenska menningu og virðingu fyrir menningu annarra þjóða.

Borgaravitund felur í sér hæfni til að skynja, skilja og bregðast við tilfinningum annarra og hvað í því felst að búa í samfélagi með öðrum. Með borgaravitund er átt við viðhorf og hæfni fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur.

Metnaður er að standa sig vel miðað við aldur og þroska í námi, leik og starfi.

Fagmennska starfsfólks felst í því að leggja sig fram og sinna starfi sínu af alúð. Ígrunda eigið starf og leita stöðugt leiða til að gera enn betur.

Lærdómssamfélag er gjarnan skilgreint sem hópur sem vinnur saman sem heild að því að ígrunda verkefni, aðstæður og framkvæmd starfs síns og er sífellt að læra og bæta við þekkingu sína.

Skólasamfélag samanstendur af nemendum, foreldrum, starfsfólki skóla og grenndarsamfélagi.

Nemendur eru börn og ungmenni í leik-, grunn- og tónlistarskóla.



BÆKLINGUR ÞESSI UM SKÓLASTEFNU AKRANESKAUPSTAÐAR
ER GEFINN ÚT Í NÓVEMBER 2013 // VEFÚTGÁFA Á AKRANES.IS
MYNDVINNSLA, UMBROT & HÖNNUN: KRISTINN PÉTURSSON
LJÓSMYNDIR: FRÍÐÞJÓFUR HELGASON, GUÐNI HANNESSON
KRISTINN PÉTURSSON, MAGNÚS MAGNÚSSON (SKESSUHORN.IS)
& SIGURÐUR ARNAR SIGURÐSSON

Skólastefna Akraneskaupstaðar var samþykkt í bæjarstjórn
Akraneskaupstaðar 29. október 2013



Akraneskaupstaður | s. 433 1000
Stíllholti 16-18, 300 Akranesi | akranes.is